

37. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldin á skrifstofu

Langanesbyggðar Fjarðarvegi 3 Þórshöfn mánudaginn 6. júní 2013 kl.13:00

Mætt eru: Steinunn Leósdóttir formaður, Jósteynn Hermundsson, Björgvinn Þóroddsson, Jón Arnar Beck, Sóley Indriðadóttir og Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Tjaldsvæðið á Þórshöfn:

Sveitarstjóri óskaði eftir því að fá að reisa skjólvegg upp með tjaldsvæðinu ásamt því að slétta gamla sláturhúsaplanið.

Nefndin fór í vettvangsskoðun.

Samþykkt að reisa skjólvegg sem yrði um 180 cm. hár og 60 metra langur sem yrði hlaðinn úr 95*95 mm staurum upp með vegi og fyrir ofan svæðið, hellulagt verður 30-40 m² stétt fyrir grill og fl.. Einnig verði tekið burt sem átti að vera gróðurbelti meðfram veginum enda er það ónýtt og gerður verður drenskurður þar sem undirstöðurnar verða fyrir vegginn til að hægt verði að þurrka tjaldsvæðið.

Samþykkt samhljóða.

Jafnframt var samþykkt að slétta gamla sláturhúsaplanið .

2. Pálmholt 9.

Oddný S. Kristjánsdóttir óskar eftir leyfi til að gera bílaplan að húsinu 54 m² og 36 m² sólpall fyrir aftan hús ásamt því að fá að reisa 9m² skúr í garðinum. Meðfylgjandi er bréf og loftmynd .

Erindið samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl. 14:15